

Mál 1801099 – Kaplakriki, framkvæmdir

Fyrirspurnir lagðar fram á fundi bæjarráðs þann 30. ágúst s.l.

Lagt fram á bæjarráðsfundi 25. september 2018

Fyrirspurnum nr. 1, 2, 4, 5 og 6 var svarað á bæjarráðsfundi 13. september s.l.

3.

Óskað er eftir upplýsingum um það hvenær nákvæmlega (dagsetning) 100 milljónir króna voru greiddar til Fimleikafélags Hafnarfjarðar, hver var viðtakandi greiðslunnar, í hvað féð var notað.

Var þetta hluti af kaupverði húss? Hvar er þá sá kaupsamningur?

Svar: Þann 16. ágúst s.l. voru kr. 100 millj. greiddar til FH sem er aðili að rammasamkomulagi milli Hfj. og FH. Féð var notað til efniskaupa. Samkvæmt kostnaðaráætlun FH sem lá frammi á fundi bæjarráðs 8. ágúst s.l. er kostnaður vegna burðarvirkis kr. 493.040.000 (þ.m.t. grind og dúkur vegna knatthúss). Greiðslan er fyrsta greiðsla Hfj. vegna eignaskipta skv. rammasamkomulagi.